

Sp.

379. Tillaga til þingsályktunar

[145. mál]

um Grænlandsmálið.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir Grænlandsnefndina að hraða störfum sínum, svo að þeim geti orðið lokið eigi síðar en í árslok 1951.

Greinargerð.

Það mun hafa verið í nóvember 1948 sem ríkisstjórnin skipaði nefnd þriggja manna til þess að rannsaka réttarstöðu Íslendinga til Grænlands. Var því þá yfir lýst, að nefndin mundi þá þegar hefja störf sín og að athugun á þessu máli yrði hraðað eftir því sem fäng væru á. Ég bar fram á síðasta þingi fyrirspurn um það til ríkisstjórnarinnar, hvað liði störfum nefndarinnar, og fékk þau svör hjá utanríkisráðherra, að nefndin ynni að málinu en hann treysti sér ekki til að gefa svör við því, hvenær hún mundi ljúka störfum. Nú hef ég að nýju borið fram fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um það, hversu nefndinni hafi stótt starfið, og enn fengið frá utanríkisráðherra hin sömu svör og áður, að eigi verði enn séð fyrir endann á því, hvenær nefndin geti lokið rannsókn þessari. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að nefnd þessi fái nægilegan tíma til þessarar rannsóknar. En hér stendur svo á, að alveg sérstaklega vel er búið í hendur þessarar nefndar, þar sem hún getur hagnýtt til hlítar hin miklu og merkilegu ritverk dr. Jóns Dúasonar um Grænland. Er í þessum ritum krufin til mergjar meginþorri ef ekki allar þær heimildir, sem finnanlegar eru og málstað vorum mega að haldi koma og kröfur vorar til Grænlands og yfirráða þar grundvallast á. Hlýtur það og að vera til ómetanlegs léttis við rannsókn þessa að hafa þarna samandregna á einum stað skrá yfir allar þessar heimildir og hvar þær er að finna. Munu þess engin dæmi, að jafn vel hafi verið búið í hendur nokkurrar nefndar, sem skipuð hefur verið hér á landi til rannsóknar á umfangsmiklu verkefni, eins og hér hefur verið gert. Nú stendur þannig á um Grænlandsmálið, kröfur Íslendinga til yfirráða á Grænlandi, að þetta er einn þátturinn í reikningsskilum milli Íslands og Danmerkur nú eftir sambandsslitin. Allur dráttur á því af Íslands hálfu, að mál þetta sé tekið upp og hafinn undirbúningur að því að leggja það fyrir alþjóðadómstól, ef samningar takast ekki, er okkur óhagstæður. Þess vegna ber brýna nauðsyn til þess, að rannsókn þessari, sem stofnað er til af ríkisstjórninni í því augnamiði einu að styrkja aðstöðu vora í sókn þessa máls, verði lokið sem allra fyrst. Er því með tillögu þessari að því stefnt, að svo mætti verða. Ef það reyndist óhjákvæmilegt að léltá á næsta ári einhverju af öðrum störfum, sem hvíla á herðum nefndarmanna, af þeim vegna rannsóknarinnar, þá er til þess ætlazt, að það felist í samþykkt þessarar tillögu, að stjórnin hafi heimild til nauðsynlegrar fjárgreiðslu, sem af því kynni að leiða.